

# 170. fundur bæjarráðs

170. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn fimmtudaginn 13. febrúar 2014 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

**Mætt:** Eyþór Arnalds, formaður, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi, S-lista, Helgi Sigurður Haraldsson, áheyrnarfulltrúi, B-lista, Þórdís Eygló Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi, V-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

<b>Fundargerðir til staðfestingar</b>	
<b>1.</b>	<b>1401093 – Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar</b>
	70. fundur haldinn 5. febrúar
	-liður 1, 1402001, tækjakaup fyrir umhverfisdeild. Bæjarráð leggur til að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð ein milljón króna vegna tækjakaupa. Fundargerðin staðfest.
<b>Fundargerðir til kynningar</b>	
<b>2.</b>	<b>1402020 – Fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga</b>
	165. fundur haldinn 28. janúar
	Lagt fram.
<b>3.</b>	<b>1402040 – Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga</b>
	812. fundur haldinn 31. janúar
	Lagt fram.

<b>4.</b>	<b>1402007 – Fundargerðir stjórnar SASS</b>	
	476. fundur haldinn 31. janúar	
	Lagt fram.	
<b>Almenn afgreiðslumál</b>		
<b>5.</b>	<b>1401023 – Hlutverk og skilgreining Selfossflugvallar til framtíðar</b>	
	Haukur Hauksson, Jón Baldvin Pálsson og Ægir Sævarsson, fulltrúar ISAVIA, komu inn á fundinn.	
<b>6.</b>	<b>1304275 – Breyting á leyfishafa Garun apartments Heiðmörk 1a, Selfossi</b>	
	Bæjarráð vekur athygli á því að samkvæmt umsókninni er um breytta starfsemi að ræða frá fyrri umsókn. Bæjarráð telur því eðlilegt að Sýslumaðurinn á Selfossi óski umsagna í samræmi við lög nr. 85/2007.	
<b>7.</b>	<b>1402042 – Beiðni Sýslumannsins á Selfossi um umsögn um rekstrarleyfisumsókn – B14 heimagisting að Birkivöllum 14</b>	
	Bæjarráð vísar erindinu til umsagnar skipulags- og byggingarnefndar.	
<b>8.</b>	<b>1106016 – Viðbygging við Sundhöll Selfoss</b>	
	Lagt var fram minnisblað bæjarlögmanns. Bæjarráð felur framkvæmdastjóra sveitarfélagsins að skrifa undir óskuldbindandi viljayfirlýsingu við JÁverk ehf um samstarf um gerð viðbyggingar við Sundhöll Selfoss og breytingar á húsnæðinu.	
<b>9.</b>	<b>1402072 – Lóðaumsókn – húsið Ingólfur að Eyravegi 1</b>	

	Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til skipulags- og byggingarnefndar.
<b>10.</b>	<b>1210146 – Styrkveiting Minjastofnunar vegna hússins Ingólfs</b>
	Bæjarráð þakkar styrkveitinguna.
<b>11.</b>	<b>1402077 – Samkomulag um afnot af „gömlu“ smíðastofnuni á Stokkseyri</b>
	<p>Bæjarráð samþykkir að Ungmennafélag Stokkseyrar fái afnot af Eyrarbraut 57, Stokkseyri, þar sem smíðastofa grunnskólans er nú til húsa. Á næstunni mun smíðastofan flytja í nýtt húsnæði nær skólanum, eða að Eyrarbraut 25. Ungmennafélagið hefur áhuga á að flytja starfsemi lyftingadeildarinnar úr gamla skólahúsnæðinu í húsnæðið að Eyrarbraut 57, þar sem rýmið í skólanum er heldur lítið fyrir starfseminu og einnig eru takmarkanir á því hvenær dagsins heimilt er að nýta þá aðstöðu. Með þessu væri aðstaða til íþróttaiðkunar við ströndina bætt nokkuð. Gerður verði samningur við ungmennafélagið um afnotin og viðhald húsnæðisins, en þörf er á að mála það bæði að utan og innan.</p>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 10:00

Eypór Arnalds		Sandra Dís Hafþórsdóttir
Eggert V. Guðmundsson		Helgi Sigurður Haraldsson

Pórdís Eygló  
Sigurðardóttir

Ásta  
Stefánsdóttir